

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

235. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **8. apríl 2014, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: **Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.** Farið yfir innsendar athugasemdir og Aðalskipulag undirbúið til frekari afgreiðslu eins og reglur kveða á um.

Afgreiðsla:

1. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.

Innsendar athugasemdir frá umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsgögn sem send voru til umsagnar voru sveitarfélagsuppdrottir og þéttbýlisuppdrottir fyrir Hvammstanga og Laugarbakka, greinargerð og umhverfisskýrsla dags. 28.02.2014.

Eftirfarandi umsagnaraðilar sem aðalskipulagsgögn voru send til hafa sent inn umsögn: Umhverfisstofnun, Norðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Samgöngustofu (Vegagerðin), Kirkjugarðsráð, Strandabyggð og Húnavatnshreppur. Ekki hafa borist umsagnir frá: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Fiskistofu, Samgöngustofu (Siglingastofnun Íslands), Landsneti, Minjaverði Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Borgarbyggð og Dalabyggð. Ennfremur var Skipulagsstofnun send tillagan til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hafa athugasemdir borist. Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir umsagnir og athugasemdir sem bárust og tillögum ráðsins verður komið á framfæri við hönnuði aðalskipulags Húnaþings vestra.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vísa Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 til sveitarstjórnar til samþykktar um að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 - 2026 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga að undangenginni lagfæringu á uppdráttum og greinargerð. Vegna lokafrágangs gagna mun sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs og skipulagshönnuðir funda með Skipulagsstofnun.

Unnsteinn Andrésson vék af fundi kl. 18:35

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign.),
Unnsteinn Andrésson (sign.),

Fundi slitið kl.20:10

Víglundur Gunnþórsson (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),